



Reykjavík, 17. nóvember 2025
VEL25110046

Velferðarráð

Ályktun sameiginlegs fundar félagsmálanefnda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Þann 7. nóvember sl. fór fram sameiginlegur fundur félagsmálanefnda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Umfjöllunarefni fundarins voru málefni heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir, með það að markmiði að marka framtíðarsýn í málaflokknum.

Hjálögð er sameiginleg ályktun um stöðu heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir sem samþykkt var á fundinum.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Ályktun sameiginlegs fundar félagsmálanefnda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu 7. nóvember 2025.



Reykjavík

Ályktun um stöðu heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir

Miklar framfarir hafa átt sér stað í þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir á undanförnum árum. Aukin áhersla hefur verið lögð á kortlagningu og greiningu á notendahópi, aukið notendasamráð og nýsköpun í þróun á þjónustuleiðum fyrir einstaklinga með mismunandi þjónustuparfir. Reykjavíkurborg hefur leitt þá vinnu og verið styðjandi við önnur sveitarfélög. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að Reykjavíkurborg ber meginþungann af kostnaði vegna málaflokksins og hefur leitast eftir aukinni samvinnu annarra sveitarfélaga.

Sveitarfélögin í Kraganum eru hvert og eitt með samstarfssamning við Reykjavíkurborg um nýtingu á neyðarþjónustu. Þá hafa þau unnið að uppbyggingu þjónustunnar í málaflokknum í sínum sveitarfélögum. Brýnt er að sveitarfélög fari í formlegt samstarf um aðra þjónustu sem byggir á sérhæfingu og þekkingu sem myndast hefur á undanförunum árum hjá borginni, svo sem hjá Vettvangs- og ráðgjafateymi.

Sameiginlegur fundur félagsmálanefnda á höfuðborgarsvæðinu skorar á ríkið að móta stefnu í málaflokknum til framtíðar og leggur áherslu á að ríkið komi meira að fjármögnun hans. Þá leggur fundurinn einnig áherslu á að unnið verði áfram að framþróun málaflokksins hjá hverju og einu sveitarfélagi og þar verði m.a. stuðst við skýrslu um málefni heimilislausra sem gefin var út í mars 2023 á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ritað 7. nóvember 2025

Hlégarði, Mosfellsbæ

Fundargestir sameiginlegs fundar
félagsmálanefnda á höfuðborgarsvæðinu